



26. mars 2013

Niðurstaða athugunar á eftirliti með peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Landsbankanum hf.

Hinn 14. október 2012 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið vettvangsathugun hjá Landsbankanum hf. Athuginin beindist að tilteknum þáttum er varða eftirlit Landsbankans með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006. Í athugininni var lögð sérstök áhersla á áreiðanleikakannanir Landsbankans við upphaf viðskipta sem og viðvarandi eftirlit með lögaðilum. Fjármálaeftirlitið studdist við úrtak af viðskiptavinum Landsbankans sem valið var af handahófi.

Niðurstöður vettvangsathugunarinnar eru byggðar á gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athuginin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér niðurstöðu nefndrar athugunar.

Helstu niðurstöður úr því úrtaki sem Fjármálaeftirlitið skoðaði voru þær að almennt var staðið með fullnægjandi hætti að framkvæmd upphaflegra áreiðanleikakannana á lögaðilum. Jafnframt var viðvarandi eftirlit með þeim lögaðilum sem úrtakið náði til almennt talið uppfylla skilyrði laga og leiðbeinandi tilmæla.

Í athugininni var m.a. tekið úrtak 21 lögaðila. Í tilviki tveggja þeirra gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að ekki hefði verið aflað upplýsinga um raunverulegan eiganda lögaðila, sbr. 2. mgr. 5. gr. og a-lið 4. tölul. 3. gr. laga nr. 64/2006. Í einu tilviki var gerð athugasemd við að ekki hefði verið aflað upplýsinga um hvort viðskipti færu fram í þágu þriðja manns, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2006. Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir hvað varðaði framkvæmd áreiðanleikakönnunar á þremur erlendum lögaðilum.

Á heildina litið uppfylltu aðgerðir Landsbankans þær kröfur sem almennt eru gerðar í lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sem og í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2011 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.